

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 327

september 2021



We Serve

September 2021. Blað nr. 327

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Líonsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMÐÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMÐÆMISRÁÐ FJÖLUMÐÆMIS 109

Starfsárið 2021 – 2022

Fjölumðæmisstjóri: Porkell Cýrusson,

Lkl. Viðarr

Umdæmisstjóri 109A: Þóra Bjarney

Guðmundsdóttir, Lkl. Eir

Umdæmisstjóri 109B: Anna Blöndal

Lkl. Ylfa

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Vara fjölumðæmisstjóri: Kristófer

Tómasson, Lkl. Geysir

Protokol- og þingstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Ellert Eggertsson,

Lkl. Hafnarfjarðar

Umhverfisstjóri: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Porkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og leiðtoga-

þjálfun): Halldór Kristjánsson,

Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (útbreiðsla og fjölgun):

Geirþrúður Fanney Bogadóttir,

Lkl. Æsa

GMT/konur í Lions: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

GST stjóri: (verkefni) Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Lestraráttakstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri (og verkefna):

Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

Formaður Kjaransordunefndar.

Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður Þingnefndar: Stefán

Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik


Fjölumðæmisstjórn:



Porkell Cýrusson, fjölumðæmisstjóri. Porkell er félagi í Lionsklúbbum Viðari. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: kelicyr@gmail.com



Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, umdæmisstjóri 109 A. Þóra Bjarney er félagi í Lionsklúbbnum Eir. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: torabg16@gmail.com



Anna Fr. Blöndal, umdæmisstjóri 109 B. Anna er félagi í Lionsklúbbnum Ylfa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: annabl@simmet.is

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Viðir

Guðmundsson, Lkl. Garður

Varaumðæmisstjóri 109B: Sigurður

Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A:

Fríðrik Hansen, Lkl. Fjörgyn

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Baldur Ingi Karlsson, Lkl. Hængur

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2021 – 2022:

International President: Douglas X.

Alexander, USA

Immediate Past President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

First Vice President: Brian E. Sheehan,

USA

Second Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

Third Vice President: Fabricio Oliveira,

Brasilíu

Second Year Directors:

Michael D. Banks, United States;

Robert Block, United States;

Kyu-Dong Choi, Korea;

Larry L. Edwards, United States;

Justin K. Faber, United States;

Allan J. Hunt, Canada;

Daniel Isenrich, Germany;

Bent Jespersen, Denmark;

Masayuki Kawashima, Japan;

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico;

Nicole Miquel-Belaud, France;

VP Nandakumar, India;

Judge Christopher Shea Nickell,

United States;

SamPATH Ranganathan, India;

Marciano Silvestre, Brazil;

Masafumi Watanabe, Japan;

Guo-jun Zhang, China.

First Year Directors:

Elena Appiani, Italy;

K. Vamsidhar Babu, India;

Teresa Dineen, Ireland;

Pai-Hsiang Fang, China Taiwan;

Jeffrey R. Gans, United States;

Efren Ginard, Paraguay;

Je-Gil Goo, Korea;

Mats Granath, Sweden;

Ken Ibarra, United States;

Daisuke Kura, Japan;

Dr. Vinod Kumar Ladia, India;

Kenji Nagata, Japan;

Dr. Dianne J. Pitts, United States;

Allen Snider, Canada;

Ernesto Tjerina; deb Weaverling,

United States;

John W. Youney, United States.

Upplag: 1000 eintök – Pökkun og

dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Douglas X. Alexander,

alþjóðaforseti



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fyrsta tölublað starfsársins komið út. Þetta blað er prentað blað sem og gefið út á neti eins og öll önnur blöð okkar hér á Íslandi.

Nú er starfsárið að hefjast hjá flestum klúbbum og líkur eru á því að þetta starfsár verði meira hefðbundið en það síðasta. Þá á ég við að flestir klúbbar ef ekki allir ættu að geta fundið á staðfundum. Covid faraldurinn virðist vera á undanhaldi hér á landi sem annarsstaðar eða í það minnsta þá hafa yfirvöld breytt áherslum sínum í smit- og sóttvörnum. Flestir eru fullbólusettir sem er jákvætt en engu að síður þurfum við að gæta að sóttvörnum hver fyrir sig. Nú ætti því ekkert að vera til fyrirstöðu að klúbbar geti farið af stað með verkefni sín aftur á fullum krafti og verið

duglegir að setja niður á blað það sem gert er, tekið myndir og sent greinarstúfa í blaðið. Eins að gleyma því ekki að skrá verkefni okkar á verkefnaskýrslur því nokkuð er um það að klúbbar skrá ekki verkefni inn á MyLion sem er bagalegt.

Í síðasta blaði var fróðleg grein frá Lionsklúbbnum Muninn í Kópavogi sem ég hvet alla til að lesa en vegna mistaka þá gleymdist að geta höfundar greinarinnar en það var Matthías Frímannsson sem skrifaði hana og biðst ég velvirðingar á þeim misstököm.

Efni í þessu blaði er hefðbundið en því miður vantar enn töluvert upp á greinaskrif frá klúbbum en ég vona svo sannarlega að það breytist þegar starfið fer af stað fyrir alvögu.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs og óska ykkur öllum góðs og árangursríks starfsárs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simmet.is

Með lionskveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Gjöfin að tilheyr

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar,
Við tölum oft um það afl að vinna saman. Við vitum að við erum sterkari sem klúbbur en sem einstaklingar. Þegar ég gekk í Lions þá vissi ég að ég væri að sameinast einhverju sem væri stærra en ég sjálfur. Ég fann bæði fyrir virðingu og eftirtvæntingu. Mér fannst þetta vera eins og eðlileg leið að fara í lífinu og gaf mér tilgang og átt til alls hins góða sem mig langaði að gera.

Og veistu hvað annað ég öðlaðist? Aðra gerð af fjölskyldu.

Ég kem úr stórrí fjölskyldu í þéttbundnu samfélagi svo ég var ekki ókunnur þeim kostum að tilheyr stórum hópi af þeim sem manni þykir vænt um. En þegar ég fór með mat heim til eldri borgara sem ekki áttu heiman gengt og leit við hjá einstæðum foreldrum, þá áttaði ég mig á að margir bjuggu ekki í eins

samfélagi og ég kom frá. Þá sá ég að fólk þarf meira en bara mat og húskajól. Fólk vantar þörfina á að tilheyr einhverju. Fólk þarfnast þess að vera með í samfélaginu.

Þess vegna ætla ég að skora á ykkur að athuga þann möguleika bjóða einhverjum sem þið hafið hjálpað, einmana ekkju eða ekkli eða jafnvel ungrí fjölskyldu, að ganga í klúbbinn þinn. Það er pláss fyrir alla í Lions. Við skulum sýna fólk þið að gefa af sér skilar sér sannarlega til baka í vináttu, samfélagi og það að tilheyr einhverju.

Ykkar til þjónustu,
*Douglas X. Alexander alþjóðaforseti
Lionshreyfingarinnar*

Þýðing: Geir Hauksson

Frá GMT- félagateymi fjölmundæmis 109


Kæru félagar
Það er gleðiefni að nú er útlit fyrir að við getum haldið uppi starfi með eðlilegri hætti en verið hefur. Undanfarna mánuði hefur reynt verulega á, margir klúbbar hafa t.d. þurft að sleppa hefðbundnum fjárflosum en nú horfir til betri vegar. Klúbbar eru sumir hverjir þegar komnir vel á skrið og gaman að fylgjast með því sem skilar sér inn á facebook síðuna LIONS MÁL. Verum dugleg að setja þar inn myndir og texta. Allir Lionsfélagar hafa aðgang að síðunni en netfulltrúarnir okkar sjá um að taka efni þaðan og setja inn á opnar síður hreyfingarinnar.

Eitthvað er um að klúbbar hafi enn ekki skráð stjórnir inn á MyLCI. Einnig vantar upp á að klúbbar skili félagaskýrslum/mánaðaskýrslum þar inn. Á heimasíðunni okkar, [lions.is](https://www.lions.is) má nú finna hnapp sem beinir okkur beint inn á MyLCI.

Á síðasta starfsári vann GMT-teymið í fjölmundæminu að því að þýða og uppfæra starfslýsingar fyrir embætti í klúbbum. Þar má nefna starfslýsingar fyrir stjórn, formenn félaga- og verkefnanefndar, aðstoðarmann stjórnar (club administrator) og meðmælendur. Starfslýsingarnar eru aðgengilegar á [lions.is](https://www.lions.is/fraedsla-2/klubbar-starfslysing) <https://www.lions.is/fraedsla-2/klubbar-starfslysing>

Við sendum bestu kveðjur og hvetjum alla félaga til að vera duglegir að bjóða gestum með á fundi og segja frá öllu góða starfinu sem unnið er í Lions.

*Geirþrúður Fanney Bogadóttir, GMT stjórn MD109
Sigfríð Andradóttir, GMT fulltrúi 109A
Sigfríður Guðmundsdóttir, GMT fulltrúi 109B*



ISLENSKA/OPNA / FRÆDSL / KLÚBBAR STARFSLÝSINGAR

Klúbbar starfslýsingar

Aðstoðarmaður stjórnar (Club Administrator)

GAT - formaður klúbbs

GLT - varaformaður, leiðtogi fræðslumála

GMT - formaður félaganefndar

GST - formaður verkefnanefndar

Gjaldkeri (Treasurer)



Skilafrestur á efni í næsta blað er 28. október

Saman erum við öflug

Anna Fr. Blöndal

DG 109B



Á gætu Lionsfélagar Undan farið eitt og hálf ár höfum við starfað í vægast sagt óvenjulegu umhverfi og ekki bara við hér á Íslandi heldur um allan heim. Það hefur því vissulega reynt á félagslundað fólk að geta ekki mætt á fundi og hitt félagana og sinnt sínum venjubundu verkefnum. Verkefnum sem þurfa jafnvel að breytast vegna takmarkana sem eru komnar til að vera um einhvern tíma. En sem betur fer brettist maður allur upp þegar jákvæðar fréttir eins og að bylgjan sé í rénun og ástandið á Landspítala orðið miklu betra. Virkar á sama hátt og þegar sól fer að hækka á lofti eftir dimmstu vetrarmánuðina.

Það er mjög mikilvægt að starf klúbbanna fari í gang af fullum krafti og þrátt fyrir að einhverjar hömlur séu enn til staðar er staðan góð hvað þetta varðar og möguleikinn á virku fundarhaldi klúbbanna er til staðar. En sannarlega verðum við að vera á tánum og huga að persónulegum sóttvörnum í öllu starfinu okkar. Við höfum lært svo margt á síðustu misserum um hvernig halda má fundi og halda áfram starfinu með réttum sóttvörnum og nú hefur nýr möguleiki bæst við sem eru hraðprófin og sjálfspróf.

Ég hef sagt það áður og endurtek það hér að eftir síðast liðið eitt og hálf ár eru einhverjir klúbbar svolítið vegmóðir og einhverjir hafa lítið sem ekkert fundað síðan í febrúar á síðasta ári. Megin áhersla þessa starfsárs mun því að snúa að innra starfi klúbbanna. Það hvílir því töluverð ábyrgð á stjórnnum þeirra að halda utan um hópinn sinn og vera í góðu sambandi við félagana. Tala við alla féлага sem eru í klúbbunum þegar starfið



er að hefjast, ekki síst þá sem virðast hafa dregið sé í hlé eða fjarlægst klúbbinn vegna kringumstæðnanna. Við vitum það öll að þegar óregla kemur á fundahald eða ekki hægt að sinna tilteknum verkefnum er hætt við því að einhverjir skili sér ekki inn í starfið aftur nema fyrir hvatningu félaganna. Það er góð leið til að efla stjórnirnar og deila ábyrgðinni að skipa aðstoðarmann stjórnar (Club administrator).

Starfið okkar snýst hins vegar um fleira en fundahöld. Nú er lag að keyra verkefni okkar af stað aftur af því þau eru lífæð klúbbanna, út á það gengur Lionsstarfið að vinna samfélaginu gagn í gegnum verkefni. Ánægjan af starfinu helst líka í hendur við verkefni sem við erum að vinna í klúbbstarfinu. Að við virkjum alla félagana og höldum þeim upplýstum. Lionsfélagar eru öflugur hópur og treystandi til að keyra starfið í gang af krafti.

En hvað þarf þá til – jú, starfið okkar þarf að vera skemmtilegt, áhugavert og fræðandi eða allt í senn. Allir félagar þurfa að sjá tilgang í klúbbstarfinu og hafa verkefni við hæfi innan klúbbanna svo þeim líði þar vel og blómstri. Ef til vill þarf að gera einhverjar breytingar á klúbbstarfinu og við þurfum að vera opin fyrir breytingum. Ef aldrei hefði mátt breyta neinu væru engir kvennaklúbbar eða blandaðir klúbbar, engin kona hefði enn gegnt stöðu alþjóðaforseta og núverandi Alþjóðaforseti væri ekki af afrískum uppruna. Breytingar geta verið nauðsynlegar og góðar.

Nýjar Raddir

Spurningin er hvort klúbbarnir okkar tilbúnir til þess að taka skref frammávið eða eru þeir fastir í hefðum og vana og vilja engu breyta. Er það örfáir einstaklingar innan klúbbanna sem standa í vegi fyrir breytingum og ekki tilbúnir að gefa ferskum hugmyndum pláss sem oft á tíðum koma með nýjum félögum? Slíkt hugarfar hættumerki því það er eins með félagsstarf eins annað í lífinu það þarf að fá að þróast með breyttum tíðaranda.

Við þurfum á því að halda að fá inn nýja féлага og að gefa fleirum kost á að taka þátt í starfi klúbbanna okkar og hreyfingarinnar í heild. Lionsstarfið er bæði gefandi og skemmtilegt. Það snýst um vináttu og samfélagslega vitund og hver vill ekki eignast fleiri vini og vinna samfélaginu sínu gagn, gera það betra. Ég set hérna með hlekk á stutt myndband – þó þetta sé spaug er ábendingin góð <https://www.youtube.com/watch?v=W6jJiaeuE-Q> – ég mæli með að við hleyfum vöflunum að borðinu.

Allir klúbbar eru að vinna verkefni sem bæta einhverju við í samfélaginu og allir

klúbbarnir þurfa endurnýjun, fá nýja féлага inn og helst á hverju ári. Ein leið til að auka aðdráttaraflíð að klúbbunum er sýnileikin, að við segjum frá því sem við erum að gera og hversu gefandi starfið okkar getur verið. Þetta þurfa ekkert að vera sögur um að flytja fjöll eða safna milljónum.

Eitt af markmiðum ársins er að hvetja klúbba til að kynna klúbbinn sinn og Lionshreyfinguna í sinni heimabyggð. Þetta er hægt að gera með samstarfi ef fleiri klúbbar eru á svæðinu eða halda kynningarkvöld í hverjum klúbba þar sem hver félagi býður einum. Það hefur einnig gefist vel hjá mörgum klúbbum að bjóða þeim sem sýna áhuga en vilja vita meira um starfið að starfa með klúbbnum, sækja fundi sem gestir og taka þátt í verkefnum klúbbsins eitt starfsár eða svo.



Sameiginleg verkefni fjöludæmisins eru að sjálfsgöðu á dagskrá umdæmisins og verkefni eins og gleraugnasöfnunin, sykursýkisverkefnið og umhverfismálin eru þess eðlis að allir klúbbar ættu að geta tekið þátt í þeim á einn eða annan máta. Undir umhverfismálin heyrir auðvitað birkiverkefni sem unnið er í samvinnu við skógræktina og landgræðsluna. Það er frábær byrjun á verkefnum ársins að fara út í náttúruna þegar hún skartar fallgustu haustlitunum, eiga samverustund með klúbbfélögum og vita að jafnframt erum við leggja okkar til að klæða landið gróðri. Ég hvet ykkur öll til að taka þátt og bjóða fjölskyldu og vinum með í verkefnið. Sala á rauðri fjöður verður stærsta sameiginlega verkefnið okkar þetta árið þar sem við ætlum að safna fé til kaupa á blindrahundum. Verkefni sem sannarlega eykur lífsgæði þeirra sem þjónustu hundanna njóta. Sala á rauðri fjöður til að safna fyrir blindrahundum var eitt með fyrstu verkefnum sem ég tók þátt í eftir að ég gekk í Yflurnar.

Varðandi sykursýkisverkefnið er ekki víst að aðstæður leyfi blóðsykurs mælingar og þá

tökum við upp netspjöldin, örkuð og vekjum með öllum ráðum athygli á þessum vágesti. Við þurfum samt ekki að taka ákvörðun um að fella það verkefni niður þetta árið heldur fresta því þar til eftir áramót ef svo vill til. Við aðlögum okkur að aðstæðum hverju sinni og höldum áfram. Allt sem við gerum skiptir máli, hvert og eitt erum við mikilvæg fyrir heildina.

Einkunnarorð alþjóðaforseta Douglas X. Alexander „Service from the Heart“

We serve with love and compassion in communities around the world. The selfless giving of our time and effort is precisely what makes Lions so special. When we give, we expect nothing in return. Yet we gain so much. Our service offers hope and connection in the face of great need and also extends an invitation to the world to join us. We embrace the joy that comes with Service From The Heart.

Inntakið í þessum texta er eitthvað á þessa leið í mínum huga.

Við leggjum lið með kærleika og samhyggð í samfélögum um allan heim. Óeigingjarnt starf þar sem Lionsmenn gefa tíma sinn og orku er það sem einkennir Lionshreyfinguna. Við gefum af okkur en ætlumst ekki til neins í staðinn. Fögnum gleðinni sem fylgir því að leggja öðrum lið af einlægju hjarta.

Alþjóða hjálparsjóðurinn er okkar öflugasta leið til að koma til aðstoðar þar sem neyðin kallar af völdum náttúruhamfara, sjúkdóma og farsóttta. Að maður tali ekki um styrjaldir sem alltaf virðast geysa einhvers staðar í heiminum. Þessi sjóður er á ábyrgð okkar allra og við höfum það að markmiði í umdæminu að allir klúbbar leggi eitthvað til sjóðsins á starfsárinu – að við verðum aftur 100% þátttakendur í að efla hann. Einnig langar okkur að fjölga

módelklúbbum um 2 – 3 þrjá og nokkrir klúbbar geta náð því marki án þess að breyta nokkuð um takt. Nú er farið að síga á seinni hlutann í Campaign 100 átakinu.

Síðustu helgina í ágúst var fyrsti fundur umdæmisstjórnar og nefnda hennar. Fundurinn var sameiginlegur með báðum umdæmum og fjölum dæminu. Því miður var hann ekki staðfundur heldur blanda af staðfundi og netfundi. Ég hefði gjarnan viljað að netaðgangur hefði verið öllum Lionsfélögum opinn en því varð ekki við komið. Á fundinum var farið yfir helstu markmið ársins og verkefni framundan. Hluta fundarins var varið í hópastarf, um framtíðarsýn Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Vinnan tókst vel og skiluðu allir hópar niðurstöðum. Umdæmisstjórn mun fara yfir niðurstöður hópanna og hafa sem veganesti inn í árið og í stefnumótunavinnu til skemmri og lengri tíma.

Á þessu starfsári er hafður sami háttur á varðandi umdæmisstjórn og nefndir hennar og á síðasta ári. Það eru ekki skipaðir fulltrúar hinna ýmsu málaflokka heldur hafa GAT-fulltrúarnir teymi með sér – teymi sem skipuð eru fimm til átta einstaklingum sem vinna saman að málafnum sem undir hver teymi heyrir. Margir teymisfulltrúar frá síðasta ári vildu halda áfram með okkur þetta ár. Í þeim hópi var um helmingur að koma að starfi umdæmisins í fyrsta skipti og stóðu sig ákaflega vel. Þar sem þurfti að bæta í teymin vegna þeirra sem hættu eða fóru í önnur störf innan hreyfingarinnar höfðum við að leiðarljósi að fá félagi af öllum svæðum til starfa. Markmiðið með þessu að tengja svæðin, klúbbana og stjórn umdæmisins sem best saman þannig að

samstarf og samvinna, upplýsingaflæði og skoðanaskipti séu virk. Það var ákaflega gott að vinna með þeim öllum og um leið og ég býð nýtt fólk velkomið í hópinn vil ég bara segja að ég hlakka til að starfa með þessu skemmtilega og öflugum fólk sem er boðið og búið að aðstoða sé þess óskað.

Ég hef valið mér einkunnarorðin „Samann erum við öflug“ því ég hef séð á þeim tíma sem ég hef verið Lionsfélagi hversu miklu við fáum áorkað þegar við leggjum saman kraftana hvort sem það er hérna í heimahögunum eða á alþjóðavísu.

Hlakka til að hitta ykkur í heimsóknum mínum til klúbbanna á starfsárinu og legg á það áherslu að þið hafið samband við mig ef það er eitthvað sem þið viljið koma á framfæri við mig eða okkur í stjórn umdæmisins. Við munum kappkosta að upplýsingar séu aðgengilegar á www.lions.is ásamt viðburðadagatali og hvetjum ykkur um leið til að senda netfulltrúanum okkar upplýsingar um alla viðburði svo hægt sé að auglýsa þá síðunni okkar. Förun bjartsýn inn í starfsárið og höfum gaman í Lions

*Með lions kveðju
Anna Fr. Blöndal
DG 109B
Email: annabl@simnet.is
Sími: 8646402*



Minning + Guðrún Ásgerður Jónsdóttir Fædd 12.08.1936 – Lést 22.07.2021



Ása eins og við kölluðum hana var stofnfélagi í Lionsklúbbnum Úu í Mosfellsbæ 10.12.2007. Við minnumst góðs félaga sem ávallt var tilbúin að leggja lið í anda Lions, til einstaklinga og samfélagsins. Hún var kraftmikill félagi og ósérhlífín. Má nefna m.a. þegar klúbburinn tók að sér ungmennabúðir Lions í júlí 2008 í Varmárskóla. Þar var Ása í öllum verkum, undirbúningi fyrir búðirnar, að elda ofan í ungmennin og að vera til staðar það sem þurfti.

Fyrir þetta fékk hún viðurkenningu frá Lions.

Þegar Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ héldu Lionsþing 2010 og 2016, var hún í ýmsum verkum sem tilheyra stóru þingi.

Einnig má nefna, þegar Úur aðstoðuðu við jólahlaðborð aldraðra

að Eirhömrum í Mosfellsbæ til margra ára, að bera fram mat og að ganga frá í eldhúsi, þar kom okkar vinkona sterk inn.

Hún var virkur þátttakandi í Úulundi í Skammadal sem klúbburinn hefur séð um að planta trjám síðan árið 2012. Svo kom að því að hún treysti sér ekki lengur til verka, en í staðinn ól hún upp lítið furutré sem hún hlúði að við stofugluggann sinn og var síðar gróðursett í Úulund. Þar með lagði hún sitt af mörkum í gróðurverkefni klúbbsins og að jafna kolefnisspor.

Hún var ritari klúbbsins starfsárið 2014–2015.

Hún var virkur félagi alla tíð, þrátt fyrir heilsuþrest síðustu árin. Klúbburinn veitti henni Melvin Jones viðurkenningu árið 2016.

Félagar í Lkl. Úu minnast hennar með hlýhug og þakklæti.

Fyrir hönd félaga og vina í Lionsklúbbnum Úu.
Dagný S. Finnsdóttir.

Fjölumdæmi MD109

Porkell Cýrusson

fjölumdæmisstjóri MD109



Félagar úr Lkl. Reykjavíkur sem er 70 ára á þessu ári.

Sælir ágætu lionsfélagar, þá er nýtt starfsár hafið reyndar hófst það 1. júlí en staðreyndin er sú að flestir klúbbar hefja starfsemi í september. Það lítur þannig út núna að Covid faraldurinn virðist vera í rénun að minnsta kosti að sinni og er það ákaflega jákvætt fyrir starfið hjá hreyfingunni á Íslandi. Þó margir klúbbar hafa getað fundað í gegnum fjarfundabúnað þá er það ekki svo með alla og eins hafa möguleikar til fjáröflunar minnkað mikið eða jafnvel horfið alveg hjá sumum. Þetta þýðir að einhverjir klúbbar eiga í vök að verjast vegna fjárskorts en nú er lag að fara af stað annað hvort með gömlu góðu aðferðirnar eða jafnvel að finna nýjar leiðir til fjáröflunar. Klúbbar eru byggðir á sterkum grunni og er engin ástæða til þess að leggja árar í bát heldur bretta upp ermar og hefja starfið með fullum þunga á ný.

Laugardaginn 28. ágúst síðastliðinn var fyrsti fundur fjölumdæmis og beggja umdæmana. Þetta var sameiginlegur fundur þar sem markmið umdæmisstjóranna voru flutt sem og hvað er á döfinni í fjölumdæminu. Ég ætla að stikla hér á stóru hvað er á döfinni í fjölumdæminu því það er eins og endranær af nógu af taka.

Fyrsta verkefni fjölumdæmisstjóra var að leggja blómsveig að leiði Magnúsar Kjaran stofnanda Lionsklúbbs Reykjavíkur og þar með lionshreyfingarinnar á Íslandi. Það var gert vegna þeirra tímamóta að 70 ár eru liðin frá því að Lionsklúbbar Reykjavíkur var stofnaður þann 14. ágúst árið 1951. Við þetta tilefni vil ég óska klúbbsfélögum í Lionsklúbbi Reykjavíkur til hamingju með daginn og eins okkur öllum lionsfélögum á Íslandi til hamingju. Það er á stefnuskrá okkar í umdæmisstjóraráði að halda upp á þessum tímamót með einhverjum hætti í vetur og verður það auglýst með góðum fyrirvara.

NSR þing verður haldið á Íslandi í janúar á næsta ári ef öll okkar plön ganga eftir og faraldurinn stoppar okkur ekki. Undirbúningur vegna þessa er í fullum gangi um þessar mundir og gengur vel. Þar sem Ísland er gestgjafaland fyrir NSR að þessu sinni þá er fjölumdæmisstjóri formaður fjölumdæmisráðs Norðurlandanna og hefur það því komið í minn hlut að stýra fundum hjá fjölumdæmisstjórunum á Norðulöndunum. Þetta er þó nokkur vinna og hefur tekið mikið af tíma mínum. Þetta kemur svo sem ekkert á óvart því ég vissi þetta hlutskipti áður en ég ákvað að fara í að sækjast eftir því að verða fjölumdæmisstjóri. Því er þó ekki að neita að ég er ekki eins virkur í öðrum málum og ég hefði gjarnan viljað vera því erfitt er að vera á tveimur stöðum í einu.

Alþjóðaforseti Lions, Douglas X. Alexander frá Bandaríkjunum, er væntanlegur til okkar í heimsókn 15. til 18. nóvember næstkomandi. Undirbúningur vegna heimsóknar hans er í fullum gangi og væntum við þess að dagskrá verði hefðbundin því sem hefur verið þegar alþjóðforsetar hafa heimsótt okkur; heimsókn til forseta Íslands, planta tré, skoða verkefni klúbba, og svo framvegis. Ég mun auglýsa vel bæði á Lions Mál og eins á heimasíðu þegar dagskráin er tilbúin.

Í apríl næstkomandi er svo fyrirhuguð „Rauð fjaðrar söfnun“ í samvinnu við Blindrafélagið þar sem safna á fyrir blindrahundum. Þetta er í fyrsta skipti eftir því sem ég best veit þar sem farið er í samvinnuverkefni við aðra við þessa söfnun. Sent var bréf til nokkurra félaga með ósk um samstarf og var valið úr tveimur sem sendu inn ósk um samstarf á þinginu okkar á Akureyri í vor. Þingheimur ákvað með kosningu að gengið yrði til samstarfs við Blindrafélagið og er ég þess fullviss að lionsfélagar munu standa sig vel eins og endranær í þessari söfnun og landsmenn muni taka vel á móti okkur.

Ég hef aðeins stikklað á stóru í þessum pistli mínum um starfið framundan og hef örugglega gleymt að minnast á einhverja atburði sem eru framundan hjá okkur. Til dæmis er sykursýkisvarnardagurinn nú í nóvember og vænti ég þess að klúbbar fari aftur í að mæla sykur



Frá vinsti, Anna Blöndal, Porkell Cýrusson og Þóra Bjarney Guðmundsdóttir, umdæmisstjóraráð 2021-2022.



Blómsveigur lagður að leiði Magnúsar Kjarnas stofnanda Lions á Íslandi.

hjá landsmönnum þar sem sóttvarnarreglur hamla því ekki eins og er.

Nú er nýtt starfsár að hefjast eins og ég hefur áður sagt og þá koma nýjar áskoranir og ný tækifæri. Þessi bylgja af Covid sem nú er í gangi, sú fjórða, er í rénun og ég trúi því að við starfsemin geti verið eðlileg í vetur án mikilla hafta. Fundir geta orðið staðfundir hjá öllum og ég er þess fullviss að öllum hlakkar til að byrja aftur að hitta félagana. Okkur í hreyfingunni á Íslandi hefur fækkað nokkuð undanfarin ár og nú er svo komið að hvorugt umdæmið okkar er fullgilt en til þess þarf 1250 féлага til að svo geti verið. Það okkur ákaflega mikilvægt að minnsta kosti annað umdæmið verði fullgilt því annars eigum við ekki möguleika á til dæmis alþjóðastjórnarmanni. Ekki vantar marga féлага í A umdæmið til að þetta náist og hvet ég klúbba til að reyna að bæt við amk einum



Mynd frá sameiginlegum fundi fjölumdæmis og umdæma 28. ágúst.



Fjölumdæmisstjóri tekur við NSR styttni og veggteppinu sem sent var í pósti og afhent á netfundi NSR.

féлага hver klúbbur og halda vel utan um félagana til þess að við höldum þeim inni í hreyfingunni. Okkur vantar töluvert fleiri féлага í B umdæmið til þess að það geti talist fullgilt og ætti það að vera markmið að reyna að ná því að gera það fullgilt á 5 árum. Það þýðir að hver klúbbur þarf að fjölga félögum um að minnsta kosti einn á hverju ári og eins þarf að skoða að endurvekja klúbba sem hafa hætt undanfarin ár í B umdæminu. Eins eigum við að vera vakandi fyrir því hvort hægt sé að stofna nýja klúbba eða deildir í báðum umdæmum því styrkur okkar felst í fjöldanum og þá getum við áorkað mikið meira.

Með von um gott starfsár hjá okkur öllum.

Munum eftir sóttvörnunum.

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions

LCIF, nú vantar bara herslumuninn



Söfnunaráttak alþjóðahjálparþjófóðsins, Campaign 100 er nú **á síðasta ári, og þó**. Átakið hófst með ákvörðun á alþjóðþingi í Las Vegas 2018 og átti að standa í þrjú ár. Vegna ástandsins í heiminum var ákveðið að framlengja áttakinu um eitt ár og því lýkur 30. júní 2022.

Það er óhætt að segja að íslenskir lionsfélagar hafa ekki látið sitt eftir liggja í þessu stóra áttak og erum við meðal fremstu þjóða, að minnsta kosti í Evrópu.

En betur má ef duga skal. Í upphafi kynntum við það markmið að fyrir lok áttaksins myndu íslenskir lionsklúbbar að jafnaði leggja fram upphæð sem nemur 300 dollara fyrir hvern féлага. Það hefur líka gegnið mjög vel. Margir klúbbar hafa farið vel yfir þá upphæð og aðrir gert minna. Það eru því „ekki stórar“ upphæðir sem vantar til að markmiðinu verði náð. „Aðeins“ 62 dollara fyrir hvern féлага miðað við stöðuna í upphafi þessa starfsárs.

Það má alveg upplýsa það hér þó að það sé ekki komið inn á skýrslur að einn klúbbur hefur þegar bætt við þannig að þessi upphæð er komin niður í **52 dollara** fyrir hvern féлага.

Það ætti ekki að vera okkur ofraun.

Átakið á síðasta starfsári, og þó

Þeir klúbbar sem gerst hafa Model klúbbar hafa haft verulega mikil áhrif á stöðu okkar í þessu áttaki. Það eru klúbbar sem hafa lagt að lámarki 500 dollara fyrir hvern féлага til áttaksins. Það er enn tækifæri til að gerast Model klúbbar. Þeir klúbbar sem gerast Model klúbbar hafa þetta starfsár og tvö næstu til



að ljúka greiðslum, eða samtal 3 starfsár. Framlögum þarf að ljúka fyrir 30. júní 2024. Margir klúbbar eru komnir vel á leið með að uppfylla skilyrðin til að verða Model klúbbar og hvetjum við stjórnir klúbba til að hafa samband við LCIF teymið til að fá upplýsingar um sína stöðu.

Til mikils að vinna fyrir klúbba, „endurgreiðslur“ frá LCIF

Ég veit ekki hvort rétt er að kalla þetta endurgreiðslu. Þetta virkar þannig að umdæmi og klúbbar eiga rétt á að fá 15% af því sem þeir hafa lagt til LCIF innan eins árs til verkefna í heimabyggð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Klúbbar sem leggur 5.000 dollara eða meira til LCIF innan eins starfsárs getur fengið 15% af þeirri upphæð sem lögð er fram.

Klúbbar geta safnað þessu upp milli ára og þannig gengið til baka stærri upphæð. Klúbbar eiga rétt á þessu í 15 ár frá því að framlagið barst LCIF. Klúbbar sem leggja minna en 5.000 dollara til áttaksins geta ekki safnað þeim framlögum milli ára til að öðlast þennan rétt.

Klúbbar geta notað þennan styrk til nánast hvaða verkefna sem er, þó aldrei til að greiða stjórnunarkostnað við verkefni.

Dæmi (raunverulegar tölur frá íslenskum Lionsklúbbum)

Starfsár	Framlag klúbbs	„Réttur“ til endurgreiðslu frá LCIF
2017 – 2018	\$ 4.479	\$ 0
2018 – 2019	\$ 9.820	\$ 1.473
2019 – 2020	\$ 22.700	\$ 3.405
2020 – 2021	\$ 23.854	\$ 3.578
Samtals:	\$ 48.183	\$ 8.456

LCIF teymið getur gefið klúbbum upplýsingar um þeirra stöðu.



Minning + Sigrún Guðnadóttir



Við kvöddum okkar góðu vinkonu Sigrúnu Guðnadóttur sem lést 21. apríl og fór jarðaför hennar fram 20. ágúst síðastliðin.

Hún var yndisleg alltaf í góðu skapi, mikill gleðigjafi, alltaf tilbúin að gefa af sér, höfðingi heim að sækja, við Ýr konur eigum margar góðar minningar frá heimili hennar. Sigrún var bæði í stjórn og öðrum nemdum innann klúbbsins, svo fékk hún Melvin Johns viðurkenningu.

Við kveðjum hana með söknuði og líka þakklæti fyrir samveruna.

Hvíli hún í friði.

FH: Lionsklúbbsins Ýr, Kópavogi
Sigríður Þorláksdóttir
Formaður

„Svona gerum við!“ Taktu daginn frá!

Málþing allra lionskvenna á Íslandi verður haldið laugardaginn 23. október nk í Samkomuhúsinu í Sandgerði. Sandgerði og Garður sameinuðust fyrir nokkrum árum og heitir nýja sveitarfélagið Suðurnesjabær.

Bæjarstjórinn í Suðurnesjabæ mun flytja ávarp og bjóða okkur velkomnar í sveitarfélagið.

Aðalræðumaður verður Guðrún Björt Yngvadóttir, fyrrverandi Alþjóðaforseti Lions International og formaður Alþjóðahjálparstöðsins.

Að þessu sinni standa bæði umdæmin að málþinginu og verður mjög spennandi að kynnst starfi lionskvenna í báðum umdæmunum. Við gerum ráð fyrir að fulltrúar allra kvennaklúbbanna og blönduðu klúbbanna komi saman og að fjöldinn verði á bilinu 70-80 konur.

Þegar málþingið var haldið síðast á Flúðum voru undirtektir mjög góðar og þátttakendur fögnuðu þessu tækifæri til að víkka sjónvildarhringinn og fræðast um störf annarra klúbba. Auk þess kom Hildur Straumsheim og fræddi okkur um uppbyggingu Lions í Evrópu og á Norðurlöndunum auk þess sem hún fræddi okkur um



styrkmöguleika fyrir hin ýmislegu verkefni. Hvað væri styrkhæft og hvað ekki. Í ár njótum við fræðslu undir handleiðslu Guðrúnar Bjartar sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á öllum verkefnum lions-hreyfingarinnar á heimsvísu.

Jóhanna Thorsteinson
Formaður undirbúningsnefndarinnar.

Munið breytingar á reglum um Kjaransorðu

PCC Björg Bára Halldórsdóttir

formaður Kjaransorðunefndar



Kjaransorðan

Kjaransorðan er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar á Íslandi til að veita félögum. Greiða má fyrir merkin úr verkefnastjóði klúbbanna.



Upplýsingar á skrifstofu Lions á Íslandi

Umsóknarfrestur er 1. nóvember og 1. mars ár hvert.

Breytingar orðu árið 2019 á reglum um Kjaransorðu. Hámarksfjöldi orðuveitinga frá klúbbum tvöfaldast, fer úr fimm í tíu og jafnframt breytist umsóknarfrestur, verður nú tvisvar á ári, 1. nóvember og 1. mars, fimm orður í hvert sinn.

Þessar breytingar koma fram í greinum 12, 13 og 15 í reglugerð fyrir veitingu Kjaransorðunnar sem finna má á heimasíðu okkar Lions.is

„15. gr. Klúbbum ber að skila inn beiðni ásamt greinargerð um væntanlegan orðuþega til orðunefndar eigi síðar en 1. nóvember og 1. mars en þá er umsóknarfrestur ár hvert“. Ef ekki koma fimm umsóknir frá klúbbum, sem er hámark í hvert sinn flyst það sem upp á vantar fram til næsta fundar en þó ekki milli ára.

Einnig var bætt við þremur merkjum í tengslum við Kjaransorðuna, til þess að klúbbar geti viðurkennt sína félaga, gull, silfur og brons og má sjá mynd af þeim á öðrum stað í blaðinu sem og með þessari grein.

Leitast skal við að afhenda orðuna á sem virðulegastan hátt og gera athöfnina á þann hátt að orðuþega og Lions sé sem mestur sómi að.

Með vináttu leggjum við lið.

Með góðri kveðju frá Kjaransorðunefnd,
PCC Björg Bára Halldórsdóttir, formaður Kjaransorðunefndar.

Lionessur kveðja



Fáninn okkar.

Sögu lionessuklúbba á Íslandi er lokið. Þvílík saga, ævintýri, minningar, vinskapur, kærleikur og gjafmildi sem einkenna seinasta starfrækta lionessuklúbbinn. Saga lionessuklúbbs Keflavíkur byrjaði 26. maí 1982 og var því starfræktur í 38 ár. Stofnfélagar voru 33 eiginkonur félaga í lionsklúbbi Keflavíkur. Klúbburinn var fyrsti lionessuklúbburinn í A - umdæmi Lions og jafnframt sá þriðji sem stofnaður var hér á landi.

Í upphafi var ákveðið að fara hægt af stað og leggja fyrst og fremst áherslu á innra starf klúbbsins sem og að efla kunningskap og standa við bakið á eiginmönnum okkar í Lionsklúbbi Keflavíkur. En reynslan varð fljótt önnur, við vorum mun sjálfstæðari í störfum og verkefnavali en nokkurn grunaði. Strax á fyrsta starfsári tókum við í okkar raðir félaga sem ekki voru eiginkonur lionsmanna, enda varð það þróunin hjá mörgum lionessuklúbbum sem stofnaðir voru á næstu árum. Við fundum fljótt að við gátum ýmislegt og höfum í raun alla tíð starfað alveg óháðar föðurklúbb okkar.

Á næstu árum fjölgaði lionessuklúbbum hratt innanlands sem og erlendis og hófst barátta fyrir jafnrétti innan Lionshreyfingarinnar. Oft á fyrstu árunum fengum við að heyra að það væri nær útilokað að konum yrði boðin innganga í lionsklúbba sem fullgildir félagar. Lionessum var samt mjög fljótlega boðið að taka þátt í ýmsum verkefnum og nefndum á vegum Lionshreyfingarinnar hérlandis, en við höfðum hvorki tillögu- né atkvæðisrétt á þingum þeirra.

Frá upphafi hefur klúbburinn okkar haft markmið og siðareglur Lionshreyfingarinnar að leiðarljósi og við höfum reynt að láta gott af okkur leiða í þágu þeirra sem minna mega sín í samfélaginu. Margt er að minnast á



Elsti félaginn okkar Ragnhildur Guðmundsdóttir, 90 ára.



Fyrsta stjórn lkl. Freyju, Sigríður Gunnarsdóttir, formaður - Inga Lóa Steinarsdóttir, ritari og Sæunn Geirsdóttir, gjaldkeri.



Stofnfélagar lkl. Freyju.

þessum 38 árum og þegar litið er yfir farinn veg þá getum við verið hreyknar af störfum og árangri okkar.

Fjáraflanir klúbbsins hafa verið margvíslegar í gegnum tíðina s.s. að færa öldruðum bæjarbúum heitan hádegismat frá eldhúsi sjúkrahússins, þríf fyrir opnun Flugstöð Leifs Eiríkssonar og síðustu ár hefur það verið sala á sælgætiskrönsum til fyrirtækja og einstaklinga fyrir jólin. Stuðningur bæjarbúa við verkefni okkar hefur verið ótrúlega góður og verður hann seint fullþakkaður. Allar fjáraflanir renna beint í Verkefna- og líknarsjóð klúbbsins og höfum við gefið ríflega 30 milljónir króna til margvíslegra verkefna í nærsamfélagi okkar s.s. sjúkrahúss bæjarins, aldraða, Rauða Krossins, Skátafélagsins Heiðabúa, Proskahjálp og Velferðasjóð sem hafa notið aðstoðar frá okkur sem og önnur samtök og einstaklingar. Mörg verkefni hafa einnig verið unnin í samvinnu við Lionsklúbb Keflavíkur og aðra klúbba á Suðurnesjum.

Undanfarin 20 ár hefur yfirstjórn Lions á Íslandi lagt mikla áherslu á að fá klúbbinn okkar til þess að breyta yfir í lionsklúbb. Við höfum margsinnis rætt þennan möguleika og gert árlega könnun á hvort áhugi sé fyrir því meðal félagskvenna. Í raun höfum við sjálfar verið fjarska ánægðar með störf okkar og það

sem við teljum klúbbinn hafa áorkað í nafni Lionshreyfingarinnar. En þar til nú hefur meirihluti félagskvenna verið andvígur þeirri breytingu en breyting varð á þar sem okkur var sagt að við gætum ekki starfað lengur sem Lionessur eftir starfsárið 2020-2021. Þegar á hólminn var komið vildu félagar okkar ekki hætta öllu því góða og frábæra starfi sem við höfðum gert í gegnum árin og því var ákveðið að breyta yfir í lionsklúbb.

Stofnfundur lionsklúbbsins Freyju var haldinn með pompi og prakt þann 8. júní sl. og viljum við þakka öllum þeim sem komu og fögnuðu með okkur á þessum merka degi. Stofnskrárdagur Freyjanna var 1. júlí 2020 með 46 stofnfélögum. Ekki hefur mikið farið fyrir Freyjum síðast ár vegna Covid en við erum mjög spenntar fyrir komandi starfsári og hlökkum til að starfa með lionsfjölskyldunni okkar sem fullgildir félagar og halda áfram að láta gott af okkur leiða.

Við viljum þakka öllu því góða Lions fólki sem aðstoðuðu okkur við þessa yfirfærslu og hlökkum til að starfa með ykkur í náinni framtíð. Einnig viljum við þakka öllum Suðurnesja klúbbunum samstarfið í gegnum tíðina og vitum að það mun halda áfram.

Inga Lóa Steinarsdóttir, fráfr. ritari

Gjafabréf – tækjakaup

Öflug tæki til augnlækninga voru keypt á Augnlæknastofuna í Vestmannaeyjum með hjálp styrktaraðila og LCIF (Alþjóðahjálparsjóðs Lions). Þetta er fullkomið tæki sem gerir það að verkum að hægt er að skoða augu sjúklinga og augnlæknar annarsstaðar geta farið yfir niðurstöður í rauntíma. Þetta tæki var ákaflega dýrt og fékkst styrkur frá LCIF til kaupa þess upp á rúmar 12 milljónir. Styrktaraðilar aðrir komu samtals með sömu upphæð og eru þeir tilgreindir á skjalinu sem fylgir þessum pistli.



Lions Clubs International
FOUNDATION

Bakhjarlar alþjóðahjálparsjóðs Lions L.C.I.F. við fjármögnun tækjabúnaðar á augnlæknastofu



Vinnslustöðin HF



Kvenfélagið
Líkn



Ísfélag
Vestmannaeyja HF

Bergur -
Huginn

Bergur - Huginn



Huginn VE



Oddfellowstúkan
Vilborg



Lionsklúbbur
Vestmannaeyja

FRÁR
VE

Frár VE



Vestmannaeyjabær



ÓS ehf.



Lionsklúbburinn
Víðarr

Mars
ehf

Mars ehf



Lionsklúbbur
Selfoss



Bergur VE



Lionsklúbburinn
Geysir



Landsbankinn



Lionsklúbburinn
Skjaldbreiður

GEISLI

Faxi ehf.
Geisli raf-tækjaverslun



Íslandsbanki



Vélaverkstæði Þór
Vestmannaeyjum

MIÐSTÖÐIN

Miðstöðin ehf



Steini & Olli



Verkalýðsfélagið
Drifandi

900 GRILLHÚS

900 Grillhús

Eyjablíkk ehf · Skóstar · Hótel Vestmannaeyjar ehf · Bensínsalan Klettur · Tvisturinn ehf
Lögmannsstofa Vestmannaeyja ehf · Fasteignasala Vestmannaeyja sf. · Súlnasker ehf · Hampiðjan Íslandi ehf
Krissakot ehf · Bílaverkstæðið Bragginn · Málarinn þinn ehf. · Geirfuglasker ehf · Þekkingasetur Vestmannaeyja
Fiskmarkaður Vestmannaeyja · Karl Kristmanns umboðs-/heildverslun ehf · Hellugerð Agnars ehf · Friðarbol ehf
Pétó ehf · Sjóvá-Almennar tryggingar hf · TM hf · Edda Angantýsdóttir · Bíla/vélaverkstæði Harðar og Matta ehf
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar · Lífeyrissjóður Vestmannaeyja · Steini pípari ehf

Fréttir af Lionsklúbbsi Kópavogs

Lionsklúbbur Kópavogs var stofnaður 13. maí 1959 og er því 62 ára. Stofnfélagar voru 26, en lengst af hafa félagarnir verið á bilinu 40-50. Klúbburinn hefur lagt margvíslegum menningar- og líknarmálum lið gegnum árin. Á fyrstu áratugunum var föst venja að kaupa jólagjafir fyrir vistmenn Kópavogshælis, og áratugum saman sendi klúbburinn fatlaðan ungling til sumardvalar í sumarþúðum norsku Lionshreyfingarinnar í Beitostolen í Noregi. Árið 1962 reisti klúbburinn minnisvarða um Kópavogsfundinn 1662 á þeim stað þar sem fundurinn var haldinn á túninu niður við Kópavoggin.

Stærstu verkefni klúbbsins á fyrstu áratugunum var að reisa sumardvalarheimili fyrir börn upp í Lækjarbotnum, upp undir Selfjalli, og að láta skrifa Sögu Kópavogs í þremur bindum og gefa hana út. Dvalarheimilið var byggt í tveimur áföngum og síðan afhent Kópavogsbæ til eignar. Á meðan réttað var í landi Kópavogs hélt klúbburinn réttarkaffi í húsinu í Lækjarbotnum til ágóða fyrir starfsemi klúbbsins.

Klúbburinn var einn af mörgum líknarfélögum í Kópavogi sem stofnuðu Sunnuhlíðarsamtökin og reistu hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð. Hann hefur alla tíð lagt mikla áherslu á stuðning við heimilið.

Klúbburinn átti frumkvæðið að stofnun Medic Alert á Íslandi, en það er sjálfseignarstofnun, sem starfar undir vernd Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Yfir 7400 manns hafa nýtt sér öryggiskerfi Medic Alert.

Á síðari árum hefur klúbburinn beint kröftum sínum að því að styðja við Rjóðrið í Kópavogi. Rjóðrið er hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik börn og er til heimilis í Kópavogskerði 6a. Það hóf starfsemi árið 2004 og er undir stjórn Landspítalans. Vorið 2016 afhenti klúbburinn Rjóðrinu bifreið, útbúna sérstaklega til að flytja farþega í hjólastólum.

Steinsnar frá húsnæði Rjóðursins er Iðjuhúsið svonefnda. Það var byggt á árunum 1981-83 fyrir Kópavogshælið og var notað sem vinnustofa og iðjuþjálfun fyrir vistmenn. Þegar sú starfsemi lagðist af 2001 hafði Fjölsmiðjan aðstöðu í húsinu til 2015. Það var síðan notað sem geymsla fyrir ýmis konar dót frá Landspítalanum og hafði viðhald hússins verið vanrækt, enda í mörg horn að líta hjá fjársveltum spítalanum.

Nú kom upp sú hugmynd að Lionsklúbbur Kópavogs fengi hluta Iðjuhússins til afnota og myndi koma þar upp aðstöðu fyrir skjólstæðinga Rjóðursins til þjálfunar, en gæti jafnframt notað aðstöðuna fyrir fundi klúbbsins. Eftir miklar vangaveltur og í samráði við verkfræðinga klúbbsins og arkitekta og forstöðumann byggingasviðs Landspítalans var gerður samningur í lok ágúst 2019 um að klúbburinn fengi jarðhæðina í austur enda hússins til þessara nota. Jafnframt hófst Landspítalinn handa um að innrétta efri hæðina fyrir starfsemi Heru – heimahlynningu Landspítalans.

Þegar farið var að vinna í húsnæðinu kom í ljós að ástand þess var mun verra en áður var talið. Ekki bætti úr skák að meðan unnið var á efri hæðinni kom upp mikill leki á heitu vatni niður á neðri hæðina, sem olli frekari skemmdum þar. Var nú ljóst að verkefnið yrði miklu meira og kostnaðarsamara en áður var áætlað, en í upphafi hafi verið rætt um fjórar milljónir króna.

Enn var sest á rökstóla og eftir töluverðar umræður í klúbbum var



Fyrir utan Kópavogsbæinn.



Unnið að fullu í Iðjuhúsi.



Við opnun Iðjusalarns.

ákveðið að láta þetta óhapp ekki stöðva framkvæmdir. Var svo hafist handa haustið 2019. Líklega er einfaldast að telja upp það sem hægt var að nota af upphaflega húsinu, en það var loftið og veggirnir, sem eru merkilegir fyrir það að þeir eru gerðir úr útveggjaeiningum frá Bergiðjunni, vinnustofu Kleppspítalans. Eldhúshöld voru nýtileg, en allt annað er nýtt; glæsilegur salur með gólfhita og vönduðu gólfefni, hljóðdempandi veggplötum og neyðarútgangi út á hellulagt, upp hitað plan með grillaðstöðu, fullkomið eldhús með kæliklefa, sérútbúin salerni fyrir hreyfihamlaða og gott skrifstofuherbergi.

Þetta gerðist ekki af sjálfu sér og klúbbfélagarnir hafa lagt af mörkum um 2000 vinnustundir, og annar kostnaður er áætlaður um 18 milljónir króna.

Húsnæðið var formlega tekið í notkun með virðulegri athöfn 15. júní. Jafnframt var hafið næsta stórverkefni klúbbsins með undirskrift samnings milli formanns klúbbsins, Högna Guðmundssonar, og bæjarstjórans í Kópavogi, Ármanns Kr. Ólafssonar, um að klúbburinn, í samstarfi við bæjarfélagið, tæki að sér að gera upp elsta hús bæjarins á gamla Kópavogsbúinu. Áætlaður kostnaður við verkið, sem á að vera lokið 2023, er 53 milljónir og mun bærinn leggja fram 25 milljónir. Fyrir hönd klúbbsins unnu Einar Bollason, Gísli Guðmundsson og Högni Guðmundsson að samningum við bæjarfélagið.

Húsið var reist af Erlendi Zakaríassyni á árunum 1902-4. Erlendur var steinsmiður og húsið var hlaðið úr tilhöggnum grjóti, en síðar meir

var sett múrhúð yfir hleðsluna. Vinna við húsið er þegar hafin, og fyrst var múrhúðin brotin utan af hluta hússins svo að hin rómaða steinhleðsla fái að njóta sín. Einnig er búið að hreinsa allt innan úr því og nokkrir innveggir fjarlægðir. Hönnuðir klúbbsins hófust svo handa og nú er unnið af kappi við að innrétta tvær íbúðir í húsinu, sem klúbburinn mun hafa til umráða næstu 25 árin og leigja aðstandendum langveikra barna eða aðstandendum sjúklinga á líknardeild og á fleiri deildum Landspítalans.

Davíð Gíslason

Bláa gullið – vatnið Dýrmætasta auðlind jarðar

Jóhanna Thorsteinson

Umhverfisstjóri MD 109



Kalt rennandi vatn er okkur Íslendingum svo sjálfsagt að við hugleiðum sjaldnast hve mikil forréttindi fylgja því að eiga nóg af

því. Í nútímanum er oft talað um vatnslindir sem Bláa gullið, vegna þess hve dýrmætt það er.

Þegar skrúfað er frá kalda vatninu í Hamborg Þýskalandi, hefur það verið hreinsað níu sinnum á leiðinni frá uppsprettu sinni. Ekki að það sé hreinsað níu sinnum í Hamborg, nei, nei. Það kemur langt að og búið að renna í gegnum margar borgir áður en það rennur loks úr krananum í Hamborg. Þetta er ásand sem við þekkjum lítið til.

Auðvitað hefur vatnsskortur komið upp í landinu, líkt og ásandið er á Austurlandi þessa dagana. Eftir einmuna blíðu í sumar hafa vatnsból víða á Austurlandi gufað upp. Vænar ár hafa orðið að litlum lækjarsprænum og hefur verið sagt að hægt væri að kippa fisknum (lax – silungur) upp á sporðinum þar sem hann liggur í pollum í ánni. En við vitum líka að þetta ástand er að öllum líkindum ekki viðvarandi. Það sama gerðist á Vestfjörðum fyrir nokkrum

árum, en þá varð að fella fé að hausti vegna uppþornaðra vatnsbóla og ónógs vatns fyrir sauðfé.

Talið er að hver einstaklingur hérlandis noti um 150 lítra vatns á dag. Sturta í 5 mínútur notar 60 lítra. Okkar Íslenska neysluvatn er að mestu leyti grunnvatn, eða um 97%. Grunnvatnið er annars vegar yfirborðsvatn vegna rigninga og leysinga og hins vegar bráðnun jöklanna. Jöklarnir okkar eru vatnsforðabúr framtíðarinnar. Allt þetta vatn seytlar í gegnum jarðlögin þar til það hittir fyrir þétt berg þar sem það stöðvast og safnast fyrir. Þetta ferli virkar eins og hreinsistöðvar fyrir vatnið. Grunnvatnið er því mjög hreint vatn.

Verndun grunnvatnsins er mikilvæg. Við þurfum að ganga þannig um náttúruna okkar að við skilum henni til næstu kynslóðar í jafngöðu, og helst betra ástandi en hún er í dag.

Lionsklúbbur Laugardals

Lionsklúbbur Laugardals tók að sér að fjarlægja girðingu við Húnbogalund, sem er fyrir ofan hringtorgið vestast í þorpinu. Nokkrir öflugir félagar mættu með naglbíta, vírklippur og hamra auk öflugra vinnuvéla og rifu hana upp ásamt staurum í tveimur hollum, en hún var nánast komin á kaf í sinu og trjágróðri. Fyrri hollíð mætti um miðjan júní og seinna hollíð mætti 1. september í rigningu en mildu veðri og kláraði málið. Pálmi Hilmarsson, formaður verkefnaneftdar, mætti með stóru kerruna sína og kom þessu öllu í förgun.

Þetta var gott verkefni sem skilaði fínnum tekjum sem klúbburinn mun nota í vel valin styrktarverkefni. Menn skuluðu svo af sér svitann í heilsulindinni Fontana og nutu þess að fara í gufu í leiðinni og slaka á fyrir fyrsta fund vetrarins, sem var haldinn um kvöldið í Eyvindartungu.

Gunnar Júlíusson

Formaður upplýsinga- og kynningarnefndar
Lkl. Laugardals



Heilir og sælir Lionsfélagar

Póra Bjarney

Umdæmisstjóri 109 A



Heilir og sælir Lionsfélagar

Ég bíð alla lionsfélaga velkomna til starfa á þessu 70-tugasta starfsári Lions-hreyfingarinnar á Íslandi, ég vona að okkur takist að starfa með sem eðlilegumstum hætti í vetur, að covid19 muni ekki trufla okkur mikið.

Í tilefni af þessum fögnuði var lagður blómakrans á leiði Magnúsar Kjaran sem var fyrsti formaður og stofnandi að Lionsklúbb Reykjavíkur.

Og að sjálf sögu verður þessum áfanga fagnað síðar á starfsárinu og verður auglýst frekar.

Það varð breyting á áður kosinni umdæmisstjórn, þar sem Íris Bettý óskaði eftir því af þérónulegum ástæðum að hverfa úr starfinu sem varaumdæmisstjóri, við þökkum Írisi gott starf og kröftugt, hún á sérstakar þakkir fyrir starf sitt í Framtíðarnefndinni okkar sem við sjáum fljótt árangur af. Það þurfti því að bregðast við og breyta röð og fá til liðs við

okkur í umdæmisstjórnina nýjan félag, sem var samþykktur á sérstökum fundi. Víðir Guðmundsson lkl Garður tekur við sæti 1. Varaumdæmisstjóra og Friðrik Hansen lkl Fjörgyn tekur sæti 2 varaumdæmisstjóra. Við bjóðum þessum góðu félögum velkomna í hópinn okkar og óskum þeim velgengni í starfi sínu.

Megin markmið Lions er féлагаöflun, fræðsla, verkefnavinna.

Ekki er ég nú alveg ein um þessa vinnu, við hlið mér er úrvalsteymi sem skipað er af þeim:

Sigfríð Andradóttir GMT fulltrúa eða félagafulltrúa hún er í lkl ÆSU. Jónas Yngvi Ásgeirsson GST fulltrúi eða verkefnafulltrúi hann er í lkl Dynk. Kristófer Tómasson GLT fulltrúi eða fræðslufulltrúi hann er í lkl Geysir. Ásamt þeirra galvaska föruneyti. Þetta frábæra



teymi er að undirbúa vetraráætlun sína og verður hún kynnt á svæðisstjóra og formanna fundum í september og byrjun október.

Fráfarandi umdæmisstjórar ákváðu að endurvekja friðarveggspjalda keppnina, en vegna ástandsins í samfélaginu komst það ekki í gang síðastliðið haust, í ár fer þetta af stað undir dyggri stjórn þeirra Hrundar Hjaltadóttur lkl Fold og Jórunnar Guðmundsdóttur lkl Ýr, það eru 10 skólar sem hafa tilkynnt þátttöku sína og verður virkilega spennandi að sjá útkomuna úr þessu verkefni.

Eflum félagastarfið með góðum verkefnum Félagar í 109 A í dag eru 1210 voru á sama tíma í fyrra 1187 svo að við erum að sjá fjölgun nú vantar okkur bara 40 féлага til að sjá fullgilt umdæmi. Sem þýðir að ef hver klúbbur tekur

1, féлага inn þá erum við sigurvegarar á 70 ára afmæli Lions á Íslandi.

Höldum vel utanum féлага okkar, bjóðum fleirum að vera með í okkar frábæra starfi og verkefnum.

Ég skora á formenn klúbba að koma með mér í þann leiðangur að gera umdæmið okkar



að fullgiltu umdæmi, það þarf ekki mikið og saman getum við þetta.

Gott samstarf umdæmistjóra, teymisstjóra, klubbformanna og svæðisstjóra er mjög mikilvægt, ég hlakka mikið til að hitta ykkur og gera með ykkur góða og spennandi áætlun inn í veturinn.

Fyrir tveimur árum héldum við í umdæmi 109A kvennaráðstefnu á Flúðum var hún mjög áhrifamikil og áskorun um að hafa svona ráðstefnu hvert ár sem okkur þótti of mikið svo ákveðið var að gera þetta annað hvort ár. Næsta kvennaráðstefna verður því núna í október. 23, í samkomuhúsinu í Sandgerði en þó með þeim breytta hætti að umdæmi 109B mun taka þátt með okkur núna. Jafnvel munu aðrir þættir breytast smá sem er bara eðlilegt því við ætlum að læra af því sem við gerum. Auglýsing um ráðstefnuna verður sett inná Lions.is

Kæru formenn ég hvet okkur öll að kalla saman klúbba og byrja samstarfið strax í september. Látum covid19 ekki trufla okkur förum eftir settum sóttvarnarreglum, nóg af spritti á fundum og upp með grímur ef þarf.

Tökum höndum saman eflum starfið eins og okkur Lionsfélögum einum er lagið.

Göngum til góðs/Walking for kindness.

Póra Bjarney umdæmisstjóri 109.A.

Fjölskyldan tínir birkifræ undir merkjum LIONS

Nú er að hefjast aftur landssöfnun birkifræja. Við þökkjum þetta verkefni, við tókum þátt í því í fyrra og það gekk mjög vel. Þrátt fyrir Covid19 þá fóru margir klúbbar á stjá og undu sér við að safna birkifræjum enda gætt að öllum viðmiðum um smitvarnir. Með eða án grímnanna, í tveggja metra fjarlægð og allt það.

En nú endurtökum við leikinn. Og þetta verkefni er einmitt frábært fjölskylduverkefni í Lionsklúbbunum! Pabbi, mamma, afi, amma, börn og barnabörn, allir geta tekið þátt! Svo er um að gera

að taka með sér nesti og jafnvel hundurinn gæti verið með.

Um leið erum við ekki bara að vinna landinu okkar til heilla með endurheimt birkiskóganna sem eitt sinn þöktu landið okkar að miklu leyti. Við erum líka að treysta fjölskylduböndin og virkja næstu kynslóð til þátttöku í lionsstarfinu öllum til heilla!

Vertu með – taktu þátt í að safna birkifræjum!

Jóhanna Thorsteinson
Umhverfisstjóri MD 109



LCIF veitir aðstoð í Brooklyn New York, heimabyggð alþjóðaforseta

Eftir Jamie Weber

Ófremdarástand er rétta orðið til að lýsa þörfinni í Brooklyn, Bedford-Stuyvesant hverfinu í New York, sem er heimkynni Douglas Alexander alþjóðaforseta.

Bed-Stuy, eins og hverfið er jafnan kallað þurfti sjúkrabíl. Ástandið var þannig í hverfinu að íbúar biðu oft 45 mínútur eftir hjálp. Þessi bið leiðdi oft til þess að fólk sem auðveldlega hefði mátt bjarga, lést.

Bráðalæknarnir (James), Rocky Robinson og Joe Perez, komu á fót hópi sjálfboðaliða, Bedford-Stuyvesant Volunteer Ambulance Corps (BSVAC) sem höfðu til umráða einn sjúkrabíl. Þeir Robinson og Perez unnu við verkefnið af mikilli ástríðu og markmið þeirra var að koma viðbragðstímanum niður í 4 mínútur. Það gekk eftir og mörgum mannslífum var bjargað. Öll þeirra þjónusta var veitt án endurgjalds.

Það kom þó að því að gamli sjúkrabíllinn þarfnaðist mikils og kostnaðarsams viðhalds og þessir sjálfboðaliðar sem varla áttu fyrir eldsneyti á sjúkrabíllinn höfðu ekki efni á því viðhaldi.

Þar kom klúbbur Douglas Alexanders alþjóðaforseta, Brooklyn Bedford-Stuyvesant Lions Club til hjálpar. Eftir að hafa kynnt sér verkefnið ákváðu félagarnir klúbbsins að aðstoða við viðhald bílsins.

Fljótlega fóru félagarnir að ræða það sín á milli að nauðsynlegt væri að kaupa nýjan sjúkrabíl en þeim féllust nánast hendur eftir að hafa kannað kostnaðinn. Hvernig átti þeirra klúbbur að geta útvegað 50.000 dollara. „Það varð frekar hljött á fundinum,“ sagði IP Alexander.

Fljótlega fór þó að heyrast í félögum sem voru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum. Sumir lofuð 500 dollara framlagi og aðrir 1.000. Þá áttuðu þeir sig á því að þetta væri möguleiki. Með þeirra persónulegu framlögum gætu þeir svo sótt um jöfnunarframlag til alþjóðahjálparsjóðsins LCIF. Nýr sjúkrabíll var raunhæfur möguleiki.

LCIF veitti Brooklyn Bedford-Stuyvesant Lions Club 17.500 dollara styrk. „Þetta var mjög stór dagur í Bedford-Stuyvesant,“ sagði Alexander þegar klúbburinn kynnti nýja sjúkrabíllinn fyrir BSVAC.

Með nútíma sjúkrabíl og sjálfboðaliðum sem helguðu sig því að bjarga lífi var Bed-Stuy skyndilega mun betur setti. Auk bráðalækninga er BSVAC þjálfunaraðstoða til að þjálfa viðbragðsaðila á öllum aldri, allt frá því að kenna börnum skyndihjálp og framkvæma hjarta- og lungnabjörgun, til neyðarhjalpar á vettvangi. Meira en 2.000 heimamenn hafa fegnið þjálfun og margir þeirra orðið atvinnumenn á þessu sviði.

„Við byrjuðum aðallega á að bjarga mannslífum,“ sagði Antoine Robinson, yfirmaður BSVAC, sonur annars upphafsmannsins, Rocky Robinson sem nú er látinn. „En við vildum líka breyta lífi þeirra sem minna mega sín. Atvinnulaust fólk sem sá enga leið út úr neyðinni hefur fengið tækifæri hjá BSVAC og komið undir sig fótunum á nýjan leik.“

„Þegar við leggjumst saman á áramnar slá hjörta okkar sterkari,“ sagði IP Alexander. „Saman hafa LCIF og L. Brooklyn Bedford-Stuyvesant unnið mikið afrek.“

Frekari upplýsingar um mögulega styrki má finna á lcif.org/grants, og styrktu síðan.

Þýðing: Kristinn Hannesson


Hafið í huga að nú er síðasta ár söfnunaráttaksins Campaign 100 hafið og nú vantar aðeins herslumuninn til að ná markmiðinu. Leggðu þitt af mörkum á lcif.org/donate.



Munið minningarkort Lions
Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
<https://www.lions.is/is/minningarkort>
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

September – myndasíða





Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Fyrsti fundur á starfsárinu 2021/2022. Stjórnarskipti og pizzuveisla á 900 Grillhús



Föstudaginn 3. September s.l. hófst vetrarstarfið hjá okkur í Lionsklúbbi Vestmannaeyja. Bergvin Oddson veitingamaður á 900 Grillhús og eiginkona hans Fanný Rósa Bjarnadóttir buðu okkur lionsmönnum til pizzaveislu og máttum við nota viðburðin sem fjárflyun fyrir klúbbinn og var gjaldkerinn okkar Ingimar Georgsson glaður með bólgíð umslag eftir kvöldið. Við félagarnir viljum þakka þeim hjónum fyrir að gefa klúbbnum þessa frábæru veislu.

Formaðurinn Ægir Ármannsson fór yfir starfsárið og kom fram í máli hans að á síðasta ári náðist að halda 8 fundi þrátt fyrir covid 19 ástandið og var reynt að halda starfinu gangandi eins og hægt var út starfsárið á

þessum óvenjulegum tímum. Stjórnin hefur starfað tvö starfsár og vildi hann þakka meðstjórendum sínum og starfsnefndum fyrir sérlega gott og farsælt samstarf. Stjórnina skipa ásamt Ægi formanni, Ingimar Georgsson gjaldkeri og Hörður Pálsson ritari. Stór verkefni hafa verið í gangi þessi tvö starfsár. Augnlæknastofan opnar núna í lok september og er það verkefni upp á ca. 35 milljónir króna og kemur Lionshreyfingin og bakhjarlar hennar með 24,5 milljónir, sem dugar fyrir tækja-kaupunum og fjármála- og atvinnumála-ráðuneytið með tæpar 10 milljónir króna framlag í verkefnið sem styrk til HSU í Vestmannaeyjum. Þetta stóra verkefni hefur staðið yfir í tæp 2 ár og koma fjórir lionsklúbbar

af fastalandinu inn í þetta verkefni af miklum myndarbrag. Þetta eru Lionsklúbburinn Geysir, Lionsklúbburinn Skjaldbreiður, Lionsklúbbur Selfoss og Lionsklúbburinn Víðarr. Hitt stóra verkefnið var söfnun fyrir eiturefnagöllum fyrir slökkvilið Vestmannaeyja og náðist að safna 1 milljón króna og verður gjöfin afhent þegar nýja slökkvistöðin verður formlega opnuð í næsta mánuði.

Stjórnarskipti fóru fram á fundinum og nýju stjórnina skipa : Arnar Andersen formaður, Sævar Þórsson gjaldkeri og Óskar Pétur Friðriksson ritari. Allt eru þetta mjög öflugir lionsmenn og eigum við von á skemmtilegu starfári með þá við stjórnvölin.

Óskar Pétur las upp bréf frá stelpunum í



Lionsklúbbnum Freyju á Suðurnesjum sem komu til Eyja í vorferð 22. Maí s.l. Þær þakka í bréfinu fyrir frábærar móttökur og sögðu leiðsögnina, sögurnar og myndirnar hafa gert ferðina ómetanlega í alla staði og Vestmannaeyjar vera ótrúlegur staður með gífurlega sögu. Sendu þær okkur fána sinn sem verður hengdur upp á fundarstaðnum okkar í Arnardrangi.

Sigmar Georgsson las upp bréf frá Guðrúnu Björt Yngvadóttur þar sem hún kemur með hugmynd í sambandi við heimsókn Alþjóðaforseta Lions dagana 16. og 17. nóvember 2021 og skipulag dagskrár þessa daga. Sigmar Georgsson formaður verkefnanefndar og

Óskar Pétur Friðriksson ljósmyndari Eyja-klúbbsins verða hafðir með í heimsókn á augnlæknastofuna Sjonlag í Glæsibæ, þar sem ekki verði hægt að fara út í Eyjar að skoða nýju augnlækna-stofuna vegna tímaleysis. Sigmar mun vera í hlutverki sjúklings og Óskar Pétur mun mynda viðburðinn. Guðrún segir þetta vera án efa það flottasta sem við lionsfólk getum sýnt Alþjóðaforsetanum, og frumlegt að tengja saman sjúkling og lækni á tveimur stöðum.

Sigmar Georgsson fór síðan í stórum dráttum yfir verkefnið með augnlæknastofuna sem hófst í lok október 2019 og verður að veruleika í lok septembermánaðar, þegar

formleg afhending tækjabúnaðins verður. Undanfarnar vikur hafa farið fram prófanir á tækjunum og allt gengið að óskum og síðan hefur starfsfólk verið í þjálfun hjá Sjonlagi hf og erlendir sérfræðingar unnið við uppsetningu og gert ýtarlegar lokaprófanir. Að lokum sýndi Sigmar fundarmönnum skjöld og innrammað skjal með bakhjörllum alþjóðahjálparsjóðs Lions L.C.I.F. við fjármögnum á tækjabúnaðar á augnlæknastofunnar. Verður skjöldurinn og skjalið fest á vegg inni á augnlæknastofunni til að minna á þessa stórkostlegu gjöf frá Lions.

Óskar Pétur Friðriksson ritari



Þín eigin bókasafnsráðgáta

Rattleikur þar sem þú ræður hvað gerist næst



Borgarbókasafnið í Gerðubergi stendur fyrir metnaðarfullu verkefni um þessar mundir sem Lions-hreyfingin kemur að með myndarlegum styrki.

Um er að ræða sýningu og rattleik þar sem

reynir á hópefli, læsi í sinnu víðustu mynd og lausnamiðaðri hugsun. Að verkefninu standa Ævar Þór Benediktsson, Embla Vigfúsdóttir og Svanhildur Halla Haraldsdóttir.

Gestir geta valið um að leysa ævintýra-ráðgátu, vísindaráðgátu og hryllingsráðgátu – en aðalpersóna allra gátanna er Gerðubergur, natinn bókaforseti og lífskúntner. Sýningarheimurinn, sem skapar umgjörð gátanna og heim Gerðubergs, er öll búin til úr bókum sem átti að henda, en um það bil 100.000 bækur eru notaðar í sýninguna. Eins er allt efni sem notað er til að leysa gátuna búið til endurnýttum og gömlum efnivið.

Skólahópum verður boðið að heimsækja sýninguna og fræðast um hvernig hún var búin til og verður áhersla á umhverfisvernd leiðar-

ljósið í þeim heimsóknum, en einnig í kennsluefni sem gert verður af Kristjönu Friðbjörnsdóttur rithöfundu og námsgagna-höfundu. Námsefnið er sjálfstætt efni sem aðengilegt verður á skólavefnum www.123skoli.is. Áhersla verður lögð á skapandi vinnu með íslenskuna en einnig hvernig hægt er að vinna á skapandi hátt með gamlar bækur.

Hægt verður að taka þátt í ævintýrinu frá og með 2.október og út apríl 2022.

Lestrarátakið – Dagný Finnsdóttir, Jórunn Guðmundsdóttir og Hrunn Hjaltadóttir

Minning + Regína H. Gísladóttir



Látinn er félagi okkar í Lionsklúbbnum Eik, Regína H. Gísladóttir.

Regína gekk til liðs við Lionsklúbbinn Eik (áður Lionessklúbbinn Eik) þegar klúbburinn var stofnaður í apríl 1985 og hefur því verið félagið í klúbbnum í rúm 35 ár.

Regína tók alltaf virkan þátt í starfi klúbbsins og var í fyrstu laganefnd klúbbsins. Hún starfaði í ýmsum nefndum og ráðum á vegum klúbbsins. Í samskipta- og fjölmíðlanefnd, ferða- og útivistarnefnd, veitinganefnd, verkefnanefnd,

skemmtinefnd, fræðslu- og dagskrárnefnd svo fátt eitt sé nefnt.

Regína var útnefndur Melvin Jones félagi af klúbbfélögum og

var hún vel að þeirri æðstu viðurkenningu lionshreyfingarinnar komin. Og var hún afar stolt af þeirri viðurkenningu.

Við áttum saman yndislegar samverustundir í leik og starfi Lions hérlendis og erlendis. Það var alltaf líf og fjör í kring um Regínu og stutt í glettni og húmor. Regína var mjög oft fengin til þess að fara með gamanmál og átti margar góðar sögur í safni sínu.

Við fórum meðal annars í skemmtilega afmælisferð um Vesturland og Snæfellsnes á 30 ára afmæli klúbbsins og nutum við samverunnar en þá voru veikindi farin að setja mark á líf hennar.

Að leiðarlokum þá kveðjum við félagar í Lionsklúbbnum Eik góðan féлага með söknuði um leið og við þökkum fyrir allar samverustundirnar, öll störf Regínu í þágu Lionsklúbbsins Eikar og verkefna hans.

Sendum Þórði Jónssyni eiginmanni hennar og fjölskyldunni allri okkar dýpstu samúðarkveðjur á kveðjustund.

Laufey Jóhannsdóttir félagi í Lionsklúbbnum Eik.

Sumarstarf Ylfu



Lionsklúbburinn Ylfa Akureyri var stofnaður 18. apríl 2011 þannig að lí ár er 10 ára afmæli. Þó tíu ár sé ekki hár aldur hefur þó margt verið gert. Klúbbnum hefur tekist að styðja við nokkuð mörg mannúðar og samfélagsverkefni. Öll þessi aðstoð byggist að öllu leiti á því að safna peningum til verkefnanna þ.e. þeirra verkefna sem krefjast útgjalda. Eitt stærsta verkefni klúbbsins hingað til, íslenskaaðstoð við erlenda íbúa Akureyrar, hefur þó einungis krafist tíma félaganna.

Starf klúbbsins liggur að mestu niðri yfir sumartímann þó eru samskipti stöðug í gegnum spjall á Facebook.

Nú í lok ágúst hélt klúbburinn markað. Það vill svo vel til að ein úr hópnum á eitt af elstu húsum Akureyrar (Aðalstræti 6) og í bakgarði þess er tilvalinn staður fyrir uppákomur sem þessar. Þetta var í þriðja skiptið sem þessi markaður var haldinn og þá í tengslum við Akureyrarvöku. Í fyrra þurfti að fella hann niður vegna fjöldatakmakanna.

Á þessum markaði hefur verið haldið í algjöru lágmarki nema

á augljóslega verðmætum munum. Hlutunum hefur klúbburinn safnað meðal Ylfanna sjálfra. Í ár vorum við einstaklega heppnar með veður og margir komu og kíktu á og versluðu. Í viðbót við útigarðsöluna var, innandyra, kökubasar sem sló í gegn og marengsterturnar runnu út „eins og heitar lummur“

Þar sem Aðalstræti 6 stendur beint á móti ísbúðinni Brynju þótti tilvalið að hvetja ískaupendur til lestrar og var því um tíma boðið upp á ókeypis bækur en jafnframt boðið að styrkja líknarsjóð Ylfu. Þetta skapaði oft skemmtilega stemmingu þegar sest var með ísinn og gluggað í bækurnar.

Ylfur ganga glaðbeittar inn í komandi vetur enda endurnærðar eftir gott og sólríkt sumar.

Gerður Jónsdóttir upplýsingafulltrúi Ylfu.